



ÍSAFJARÐARBÆR
umhverfis- og eignasvið

Vetrarþjónusta





Efnisyfirlit:

1	Almennt.....	3
1.1	Skilgreining á vetrarþjónustu.....	3
2	Þjónustuflokkur	3
2.1	Götur í fyrsta forgangi	3
2.2	Götur í öðrum forgangi.....	3
2.3	Aðrar götur (Forgangur 3).....	4
2.4	Stígar í öðrum forgangi.....	4
2.5	Stígar í þriðja og fjórða forgangi	4
2.6	Mokstur utan þéttbýlis	4
3	Yfirstjórn og skipulag – Ábyrgð	5
3.1	Almennt	5
3.2	Varúðarástand	5
3.3	Hættuástand.....	5
	Teikningar.....	6

1 ALMENNT

Íbúum er bent á að hafa samband við eftirtalda aðila sem eru fulltrúar sveitarfélagsins og hafa umboð til að panta snjómokstur.










- Bæjarverkstjóri
- Sviðstjóri umhverfis- og eignarsviðs

1.1 SKILGREINING Á VETRARÞJÓNUSTU

Vetrarþjónusta er öll vinna við framkvæmd, eftirlit, aðstoð og beina verkstjórn við snjómokstur og hálkuvarnir, hreinsun og flutningur á snjó og krupa af götum, gangstéttum og niðurföllum og frá umferðarmerkjum og öðrum mannvirkjum við gatnakerfið svo og hreinsun vegyfirborðs og rása eftir hrun í þeim tilfellum þar sem það er af völdum snjóskriða eða ísmyndunar.

2 ÞJÓNUSTUFLOKKUR

Snjómokstur er flokkaður samkvæmt eftirfarandi forgangi. Flokkun fer eftir notkun og mikilvægi gatna.

Gata:	Göngustígur	Forgangur:	Opnun:
		Vegagerðin*	Mán - Fös 7:15 - 18:00 / Lau - Sun 9:00 - 19:00
		Vegagerðin	Helmingamokstur
		Forgangur 1	Mán - Fös 7:15 - 18:00
		Forgangur 2	opnast ekki fyrir forgangur 1 er lokið
		Forgangur 3	opnast ekki fyrir forgangur 2 er lokið
		Forgangur 4	opnast ekki fyrir forgangur 3 er lokið
		Mokstur Höfn**	

*Vegagerðin sér um snjómokstur á hluta gatna í byggðakjörnum (sjá kort).

**Mokstur á hafnarsvæði er í umsjón hafnarinnar.

2.1 GÖTUR Í FYRSTA FORGANGI

Aðalgötur og leiðir strætisvagna. Reynt er að tryggja að þessar leiðir séu ávallt færar á virkum dögum og ganga þær fyrir öðrum götum allan tímann sem þurfa þykir. Vinna hefst að jöfnu eigi síðar en 7:15 og fyrr ef með þarf.

Í fyrsta forgangi eru einnig leiðir til og frá slökkvilið, sjúkraþjónusta, leikskólar og skólar.

Notuð eru tæki bæjarins.

Vegagerðin sér um mokstur á hluta strætóleiðar, Skutulsfjarðarbraut, Sólgötu, Hrannargötu, Eyrarhlíð. Aðrar strætóleiðir sér áhaldahúsið um að halda opnum eftir því sem þarf fram til 18:00.

Ef tækjafloki áhaldahúss ræður ekki við ástandið eru verktakar kallaðir inn eftir þörfum.

2.2 GÖTUR Í ÖÐRUM FORGANGI

Safngötur og íbúðagötur. Fyrst verður farið í að opna miðbær Ísafjarðar (Hafnarstræti / Aðalstræti að Skipagötu). Farið er í hreinsum á öðrum götum eftir að tryggt er að götur með fyrsta forgang eru færar.

Notuð eru tæki bæjarins, hjólaskófla, traktorsgrafa og traktor.

Ef tækjafloki áhaldahúss ræður ekki við ástandið eru verktakar kallaðir inn eftir þörfum.

2.3 AÐRAR GÖTUR (FORGANGUR 3)

Húsagötur og vegir: Eru hreinsaðar þegar götur í fyrsta og öðrum forgangi eru færar þó skal stefnt að því að þær verði aldrei ófærar lengur en sólarhring.

Notuð eru tæki bæjarins, hjólaskófla, traktorsgrafa og traktor.

Ef tækjafloiti áhaldahúss ræður ekki við ástandið eru verktakar kallaðir inn eftir þörfum.

2.4 STÍGAR Í ÖÐRUM FORGANGI

Aðalstígar eru stígar sem tengja skólasvæði við íþróttasvæði. Reynt er að tryggja að þessir stígar séu ávallt færir og ganga þeir fyrir öðrum stígum allan tímann sem þurfa þykir. Vinna hefst að jöfnu eigi síðar en 7:30 og fyrr ef með þarf.

Notuð eru tæki bæjarins, traktorsgrafa og/eða traktor með snjótönn.

Ef tækjafloiti áhaldahúss ræður ekki við ástandið eru verktakar kallaðir inn eftir þörfum.

2.5 STÍGAR Í ÞRIÐJA OG FJÓRÐA FORGANGI

Aðrir stígar. Farið er í hreinsun á þessum stígum eftir að tryggt er að götur í þriðja forgang og stígar með öðrum forgang eru færir.

Notuð eru tæki bæjarins, traktorsgrafa og/eða traktor með snjótönn.

Ef tækjafloiti áhaldahúss ræður ekki við ástandið eru verktakar kallaðir inn eftir þörfum.

2.6 MOKSTUR UTAN ÞÉTTBÝLIS

Á vegum Vegagerðarinnar:

[624]	Ingjaldssandsvegur: Núpur-Vestfjarðavegur	07.30-17.00;	Mán., mið., fös.
[624]	Ingjaldssandsvegur: Núpur-Alviðra	Helmingamokstur	
[625]	Valþjófsdalsvegur að Hjarðardalsvegi Ytri	Helmingamokstur	
[627]	Önundarfjarðarvegur að Vífilsmýrum	Helmingamokstur	

3 YFIRSTJÓRN OG SKIPULAG – ÁBYRGÐ

3.1 ALMENNT

Umsjón með snjómokstri hefur áhaldahúsið, við Stakkanes
Póstfang: ahaldahus@isafjordur.is - Sími: 450 8240 - Fax: 456 3845
Bæjarverkstjóri er Guðjón Jóhannes Jónsson.
Verktakar sjá um snjómokstur á Suðureyri, Flateyri og Píngeyri.

Hlutverk Bæjarverkstjóra:

1. Stjórnun snjómoksturs
2. Að lýsa yfir varúðar- eða hættuástandi
3. Eftirlit með færð, veðurmælum og veðurspám
4. Mokstur frá niðurföllum í hláku
5. Eftirlit með vinnubrögðum verktaka.
6. Ákvarðanir um snjómokstur og hálfkuvarnir

3.2 VARÚÐARÁSTAND

Gengur í gildi á ákveðnum kafla þegar:

1. Vart verður við snjóflóð á kaflanum eða á kafla sem gjarnan falla snjóflóð á, við sömu veðuraðstæður.
- *Moksturaðili hefur samband við bæjarverkstjóra og tilkynnir ástandið.*
- *Bæjarverkstjóri metur aðstæður og hefur samband við Snjóflóðaeftirlitsmann ef þurfa þykir.*
2. Veður er þannig að verulegar líkur eru á snjóflóðum eða vatnsflóði á kaflanum.
- *Bæjarverkstjóri fær álit hjá Snjóflóðaeftirlitsmanni og tekur svo ákvörðun um opnun.*
3. Þarf að moka snjóflóð og tæki getur ekki ruðst í gegn um flóðið í 2 til 3 sköfum.
- *Bæjarverkstjóri fær álit hjá Snjóflóðaeftirlitsmanni og tekur svo ákvörðun um opnun.*

(Á við vegarkafila út í Valþjófsdal í Önundarfirði og Staðardal í Súgandafirði)

3.3 HÆTTUÁSTAND

Gengur í gildi á ákveðnum kafla þegar:

1. Snjóflóð falla í mjög vondu veðri, eða fleiri en eitt snjóflóð falla á stuttum tíma.
- *Veginum lokað vegna hættuástands.*
2. Svo vont veður er á einhverri leið að menn treysta sér ekki til að moka vegna veðurs og snjóflóðahættu.
- *Veginum lokað vegna hættuástands.*

(Á við vegarkafila út í Valþjófsdal í Önundarfirði og Staðardal í Súgandafirði)



TEIKNINGAR

Ísafjörður Eyrin	A3
Ísafjörður Holtahverfi	A3
Hnífsdalur	A3
Suðureyri	A3
Flateyri	A3
Þingeyri	A3
Yfirlit sveitafélag	A3